

Efni: ósk um stutta kynningu á nefndarfundi

Þekkingarnet Þingeyinga og Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar hafa frá upphafi árs 2022 unnið að stóru fræðsluverkefni í umhverfis- og loftlagsmálum sem kallast LOFTUM. LOFTUM er eitt af áhersluverkefnum SSNE og byggir á Sóknaráætlun landshlutans. Efling staðbundinnar þekkingar á svæðinu í umhverfismálum er eitt af markmiðum Sóknaráætlunarinnar og LOFTUM verkefnið er stór þáttur í að ná því markmiði.

Undanfarin misseri hafa miðstöðvarnar boðið upp á fjölda af námskeiðum, vinnustofum og aðra fræðslu tengt umhverfismálum og núna í september var stórt skref stigið með opnun Rafræna skóla LOFTUM verkefnisins. Rafræni skólinn er sérsniðinn að þörfum kjörinna fulltrúa og starfsfólks sveitarfélaganna innan SSNE.

Erindi þessa bréfs er að óska eftir að fá að koma á nefndarfund til ykkar til að kynna verkefnið og Rafræna skólann. Í vinnu okkar við LOFTUM verkefnið hefur helsta áskorunin verið að ná til bæði starfsfólks og kjörinni fulltrúa sveitarfélagsins. Því langar okkur mikið til að fá örfáar mínútur af formlegum fundartíma kjörinni fulltrúa til að segja frá LOFTUM og Rafræna skólanum. Í kjölfarið væri hægt að ræða stuttlega aðferðir til að koma verkefninu á framfæri meðal starfsfólks sveitarfélagsins og kjörinna fulltrúa. Við getum hvort heldur mætt á staðinn eða verið með rafræna kynningu. Við reiknum með að kynningin taki 10 mín og umræður um 5 mín.

Með von um jákvæð viðbrögð,

Verkefnastjórar LOFTUM

*Ingunn Helga Bjarnardóttir, Kristín Björk Gunnarsdóttir, Hilmar Valur Gunnarsson*

og verkefnastjóri SSNE

*Sigurborg Ósk Haraldsdóttir.*